



Ársskýrsla Norðurlandsdeildar – vestri 2018 – 2019

Ágætu sjúkraliðar.

Á þessu starfsári var mikill hugur í sjúkraliðum í sambandi við #styttum vinnuvikuna. En samningar hafa verið lausir hjá sjúkraliðum síðan í apríl. Það gengur lítið í kjaraviðræðum BSRB og ríkisins en viðræður hafa staðið í hálf t. Það sætir furðu að hvorki skuli votta fyrir skilningi né vilja ríkisins til að fjárfesta í betri heilsu eigin starfsmanna sem nú þegar er undir miklu álagi. Sjúkraliðar hafa áhyggjur af fyrirsjáanlegum skorti á sjúkraliðum næstu árin.



Svala Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Guðrún Elín Björnsdóttir, formaður, Geirlaug Ingibjörg Jónsdóttir, ritari, Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, varaformaður. Á myndina vantar Elísu Ósk Ómarsdóttur, meðstjórnanda.



Skemmtinefnd: Er stjórnin.

Kjörstjórn:

Skoðunarmaður: Ásta Karen Jónsdóttir.

Gestur á aðalfundi: Guðrún Benediktsdóttir sjúkraliði var með fræðslu sem heitir Blóm og Jól, en Guðrún er einnig garðyrkjufræðingur og blómaskreytir.

Formaður fór á 3 félagsstjórnarfundum á árinu 2019.

Á febrúarfundinum var meðal annars farið yfir persónuverndarstefnu SLFÍ og heimasíðu félagsins.

Á maífundinum var meðal annars farið yfir stöðuna í kjaramálum en Sandra B. Franks, formaður SLFÍ, og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, voru búin að fara á 20 fundi víðsvegar um landið. En á þeim fundum vildu sjúkraliðar leggja áherslu á styttingu vinnuvikunnar og að sjálfsögðu hækkun og um leið leiðréttingu launa. Einnig var farið yfir að sjúkraliðar eigi ekki að sinna lyfjagjöfum fái þeir ekki borgað fyrir það. Starfslýsingar sjúkraliða eru tengdar stofnanasamningum og um þetta er sérstaklega samið og lýtur að faglegri ábyrgð.

Á októberfundinum fór Sandra B. Franks, formaður SLFÍ, yfir stöðuna í kjaramálum. Aðaláherslan á borði BSRB er fyrst og fremst stytting vinnuvikunnar, góður andi hafi verið við samningaborðið framan af um að stytta vinnuvikuna og þá einnig sérstækt hjá vaktavinnufólki. Síðan hafi það gerst á fundi 24. september að fulltrúar ríkisins lögðu fram tillögur um styttingu vinnuvikunar sem náðu ekki eins langt og væntingar BSRB stóðu til og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ sagði frá því að réttindanefnd BSRB væri að vinna í að fá vinnutíma skráningarkerfi, Vinnustund leiðrétt. Það hefur komið í ljós að kerfið reiknar meiri vinnuskyldu á vaktavinnufólk en dagvinnufólk. Einnig hefur í allri umræðunni um styttingu vinnuvikunar komið upp hugtök hjá viðsemjendum, eins og virkur vinnutími, þ.a.s. að kaffitíminn er ekki talinn vera virkur vinnutími og ýmis umsamin réttindi týnd til. Það er búið að setja saman aðgerða – og áróðurshóp innan BSRB, sem á að skipuleggja áróðurs – og auglýsingaherferð fyrir væntanleg eða hugsanleg átök.



Trúnaðarmannaráðsfundur í febrúar og október sem formaður sat sem trúnaðarmaður ásamt trúnaðarmönnum í sinni deild.

Fulltrúaping var í maí sem formaður sótti.

29. mars 2019 mættu Sandra B. Franks, formaður SLFÍ, og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ til fundar með okkur sjúkraliðum um hvað verða áherslur í komandi kjarasamningum. Aðaláherslan verður stytting vinnuvikunnar. Einnig var könnun meðal sjúkraliða um allt land um helstu áhersluatriði í komandi kjarasamningum. Þau héldu fundi á Blönduós og á Sauðárkrók. Mjög góður fundur og mæting góð.

Í maí fóru nokkrir sjúkraliðar að sjá leikritið Fylgd sem Leikfélag Sauðárkróks sýndi í Sæluviku Skagafjarðar.

Í desember voru Litlu – jól hjá deildinni. Borðuðum góðan mat og vorum með pakkaskipti. Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir las jólasögu, haldið var jólabingó sem heppnaðist vel. Þess má geta að við buðum sjúkraliðum sem eru komnir á aldur og eru hættir að vinna til að koma og vera með okkur á þessari jólastund.



Jólabingó Guðrún Elín Björnsdóttir og Geirlaug Ingibjörg Jónsdóttir.



Litlu – jól í desember. Ásta Karen Jónsdóttir og Elísa Ósk Ómarsdóttir.

Evrópudagur sjúkraliða var haldinn 26. nóvember 2018. Á Sauðárkróki buðu sjúkraliðar upp á heitt kakó með rjóma, smákökur og macintosh. Vorum í anddyri stofnunarinnar og fengu því gestir sem voru að koma í læknisviðtal góðgæti. Á Blönduósi útbjó Jakobína Björg Halldórsdóttir trúnaðarmaður nokkra bakka sem hún fór að með sínar deildar á stofunni.



Evrópudagur sjúkraliða á Sauðárkróki



Veisluföng á Blönduós

Á Sauðárkróki eru tveir trúnaðarmenn, Guðrún Elín Björnsdóttir trúnaðarmaður fyrir deild 3 og deild 5 og Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, trúnaðarmaður fyrir deild 1 og deild 2. Einn fundur var haldin með sjúkraliðum á deild 3 og deild 5, voru mönnunarmál rædd, lyfjagjafir, skráning í söguna, rai – matið, atvikaskráning, vinnustarfshlutfall þegar sjúkraliði er komin á aldur.

Ekki hefur verið formlegur fundur haldinn með sjúkraliðum á deild 1 og deild 2 en trúnaðarmaður þar hefur verið að aðstoða sjúkraliða hvað varðar kaup og kjör, launaflokka samkvæmt starfslýsingum, réttindi varðandi andlát ættingja og vinnustarfshlutfall þegar sjúkraliði er kominn á aldur.

Jakobína Björg Halldórsdóttir er trúnaðarmaður á Blönduósi hefur ekki verið með formlegan fund, en sjúkraliðar hafa spurt mikið um kjarasamninga.

Í ágúst mánuði fóru þrjú sjúkraliðar af Norðurlandsdeild – vestra í sjúkraliðaferð í Þórsörk, sem Reykjavík - Vesturland -, Suðurnesja- og Vestmannaeyjadeildir SLFÍ sameinuðust um og skipulögðu. Farið var á tveimur rútum frá Reykjavík og ekið áleiðis til Þórsörkur með smá stöppum á leiðinni. Fyrsti áfangastaður var í Húsadal og þar snæddur hádegisverður. Margir sjúkraliðar ákváðu að að ganga fjögurra kílómetra leið yfir í Bása í fallegu veðri og þar var gítarinn tekinn upp og mikið sungið. Að lokum var keyrt á Hellu og þar var snæddur hátíðarkvöldverður. Ferðin var í alla staði mjög vel



heppnuð og eru sjúkraliðar eindregið hvattir til að fara í næstu ferð að ári.



Jakobína, Sigurlaug Dóra og Þorbjörg

Fjöldi félagsmanna deildarinnar eru 44.
Fjöldi nýútskrifaðra sjúkraliða eru 11 konur.

Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.

Stjórnin vill þakka góðar stundir.